

Mál nr. 5/2007
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Miklubraut í Reykjavík þ.13.11.2006

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.1.2007 ásamt tölvubréfum, reikningi og millifærslu
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.989/06
3. Tjónaskýrsla dags. 13.11.2006
4. Bréf V-2 dags. 10.1.2007 og 13.11.2006.
5. Bréf V-1 dags. 13.12.2006 og 13.1.2007.

Málsatvik.

A ók aftan á B á Miklubraut í Reykjavík. Ökumaður A segir að B hafi verið snarhemlað vegna þess að B hafi ekið of nálægt annarri bifreið C og vegna þess að B hafi snarhemlað þá hafi árekstur orðið. Ekki liggur fyrir framburður ökumanns B og á sameiginlegri tjónstilkynningu er merkt við reit nr. 8 fyrir A þ.e. ók aftan á hitt ökutækið í akstri. Þá segir að B hafi snarhemlað en C sem rætt er um sem bifreiðina sem var á undan B hafi hemlað.

Álit.

Gögn málsins eru takmörkuð. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en að A sem ók á eftir B hafi verið ekið aftan á B. Ekki hefur verið sýnt fram á að B beri að einhverju leyti sök á árekstrinum og verður því öll sök felld á ökumann A.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík, 7 .2. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.